

Ólíkir heimmar í Nýló

Myndlistarmenn eiga það til að taka sér undarlegustu hluti fyrir hendur. Í Nýlistasafninu sýna nú þrír gerólíkir listamenn framtíðaráform pönkhljóm-sveitar, húsgögn og teikningar af heilli ætt. Sá fjórði heitir Juan Geuer. Hann hefur búið til tæki sem mælir hreyfingu jarðarinnar og gert listaverk sem hverfur þegar horft er á það.

Framtíðarsýnir

Á opnun yfirstandandi sýningar í Nýlistasafninu á menningarnótt, stóð Finnur Arnar fyrir uppákomu, þar sem hljómsveitin PPPönk spilaði fyrir gesti. Finnur sýnir stytur af hljómsveitarmeðlimum úr leir. Við hlið þeirra hangir texti, þar sem fyrirmyndirnar ljóstra upp framtíðaráform sínum.

Hljómsveitarmeðlimir eru um tvítugt og standa því á mótum unglings- og fullorðinsáranna. Á þeim aldri blasir allt lífið við, fullt af tækifærum, sem bíða þess eins að vera gripin. „Á þessum aldri eiga mörg ungmennti sér þann draum að verða frægar poppstjörnur. Oftast koma sterkar fyrirmyndir í veg fyrir að þau geri eitthvað í málinu,“ segir Finnur. „Ég ákvað að fá meðlimi PPPönk til að afhjúpa sínar framtíðarvonir, af því að þau eru búin að taka fyrsta skrefið í þá átt að gera draum, sem margir eiga, að veruleika. Ég ímyndaði mér að þau hlytu að vera opnari fyrir þeim óteljandi möguleikum sem fólk stendur frammi fyrir á þessum tímamarki í lífinu.“

Þeir sem ekki hafa stofnað hljómsveit þurfa þó ekki að bera kinnroða fyrir drauma sem aldrei verða að veruleika. „Lífið er flóknara en svo að það sé nóg að gera hlutina. Það getur svo ótal margt orðið til að kollvarpa áformunum og hafa áhrif á framkvæmdina. En það er einmitt allt þetta óvænta, sem setur hlutina úr skorðum, sem gerir mannsævina heillandi í mínum augum,“ segir Finnur og veltir því fyrir sér um leið hvernig framtíðin horfir við þeim sem fengið hefur að kynna fallvalteikanum. Hann fékk því líka gamla konu, til að segja frá sinni



Hrafnhildur Arnardóttir, Finnur Arnar og Daníel Magnússon eiga fátt annað sameiginlegt en vera listamenn sem sýna á sama tíma í sölu Nýlistasafnsins.

framtíðarsýn. „Mér fannst áhugavert að vita hvernig kona, sem komin er yfir áttíð, sér fyrir sér framtíðina. Hún er búin að missa maka sinn og marga vini, en þar sem hún trúir á líf eftir dauðann getur hún hlakkað til að hitta þá aftur þegar hún deyr.“

Laugarvatnsættin á hópmýnd

Hrafnhildur Arnardóttir hefur verið búsett í New York síðustu fjögur ár og horft þaðan á íslensk sérkenni. Tvennt hefur orðið henni sérstaklega hugleikið, viðhorf landans til myndlistar og gríðarlegur ættfræðiahugi. Ættfræðiahuginn er meginviðfangsefni verkanna í Nýlistasafninu; 300 teikningar af ættlingjum hennar hanga þar uppi á vegg. „Bandaríkjamenn eru svo ánægðir með sitt að það er ekki annað hægt en verða þjóðernissinnaður af að búa í Bandaríkjunum,“ segir hún.

Þegar hún fékk senda bók að heiman um ættmenni sín, fylltist hún ást, sem aðeins fjarlægðin getur kveikt, á íslenskri ætt-rækni. Hún settist niður og fór að teikna eftir ljósmyndum úr bókinni. Teikningarnar eru allar gerðar með skrautlegum tússlitum, í einni atrennu. Hrafnhildur segist aldrei hafa hent mynd, aðeins reynt að gera það besta úr mistökum sínum. „Ettar-

myndirnar hafa mjög afstæða merkingu í hugum Bandaríkjamanna,“ segir hún. „Þeir eiga erfitt með að skilja að ég geti átt heila bók með myndum af öllu mínu skyldfólki í þrjá ættliði.“

Sjálf er ég alin upp við ætt-rækni. Langafi minn og langamma, áttu landið Laugarvatn, sem þau gáfu ríkinu undir skólasetur. Þau héldu aðeins eftir litlum hluta, þar sem afkomendur þeirra, fólkið í bókinni, á sumarbústaði. Þangað fór ég oft sem barn og lék mér við frændsystkini mín. Mér fannst þetta alveg sjálfsagt, en eftir að hafa búið í New York þykir mér vænna en áður um þessa ætt-rækni.“

Hrafnhildur segist hafa reynt að gera teikningarnar líkar ljósmyndunum, en það ætti við um þessa ættarbók eins og aðrar, að ljósmyndirnar væru allavega. „Mér finnst aðallega frábært að geta hengt allar þessar myndir saman upp á vegg. Þetta er ein stór hópmýnd,“ segir hún.

Sæt húsgagnasýning

Daníel Magnússon hefur flutt heila húsgagnasýningu upp í SÚM-sal Nýlistasafnsins. Fyrr í sumar var hann með sýningu í samvinnu við Helgu Þórsdóttur, í Gallerí Fiskinum, þar sem þau römmuðu inn texta með hástemmdum lýsingum á innan-stokksmunum í anda hýbýla-

tímarita. „Þessi sýningin hefur ekkert með þá sýningu að gera,“ segir Daníel. „Við tókum þessar lýsingar og lyftum þeim upp, bjuggum til úr þeim listaverk. Núna er ég með sanna húsgagnasýningu. Ég er að segja mína skoðun á húsgögnum.“ Daníel smíðar húsgögnin sjálfur. „Ég legg mest upp úr því að umhverfið sé einfalt. Ég er ekki að reyna að búa til húsgögn sem eru listaverk eða of þægileg.“

Hann bætir því við að auðvitað sé það alltaf persónulegt mat hvers og eins hvaða merkingu hann leggur í orðið þægindi. „Sjálfur hvílist ég ágætlega á trégólfi,“ segir hann, greinilega lít-ið gefinn fyrir dúnmjúkar sessur. „Ég vil hafa umhverfið einfalt svo það sé gott að hugsa í því; basic hluti sem draga mann ekki niður í leti og maður fær glýju í augun af að horfa á. Húsgögnin verða líka að vera endingargóð.“

Með húsgögnum sýnir hann landslagsmálverk, til að undirstrika sannleiksgildi sýningarinnar. Landslagið eru erkitýpur af fjöllum - höfði, staðir, múli, fell - sem hann býr til sjálfur, ljósmyndar, skannar inn í tölvu og prentar út. Myndirnar eru í stíl við húsgögnin. „Sýningin snýst um smekkleigheit og sætleika. Þetta er allt voða kjút og þess vegna var bara sætu fólk boðið á opnunina.“

MEÓ


MENNINGAR LÍFIÐ



Margrét E. Ólafsdóttir

Keikó söngur

Þú ert loksins á leiðinni heim,
leið heim til þín.
Sjórinn bíður blár og tær
og blessuð sólín skín.



Júlía, Myriam, Anna Lucy og Anna Björt syngja um Keikó.

Þannig hljómar textinn í Keikólaginu eftir Óskar Guðnason og Ingólf Sveinsson, sem kom út á geisladiski 18. ágúst síðastliðinn. Geisladiskurinn hefur að geyma þrjár útgáfur af texta lagsins, sem er sunginn á íslensku, ensku og dönsku, kareokee útgáfu sama lags og lögin „Keikó reisir bú“, sem er sungið á íslensku og dönsku og „We are waves“, sem einnig er í kareokee útgáfu. Diskurinn er greinilega stílaður inn á börn, bæði eru lögin dæmigerð barnalög og sungin af fjórum ungum stúlkum, Júlíu, Myriam, Önnu Lucy og Önnu Björt.

Ungir og gamlir á Kjarvalsstöðum



Erró er kominn yfir sextugt og fær því að vera með.

Á föstudaginn verður opnuð ný myndlistarsýningin á Kjarvalsstöðum. Sýningin er þegar farin að vekja umtal í myndlistarheiminum, enda er hún sérstök að því leyti að val á listamönnum á sýninguna fer eftir aldri þeirra. Annars vegar eru þarna verk eftir vel þekktu, en ólíka listamenn af eldri kynslóðinni, sem allir eru komnir yfir sextugt; Erró, Ásgerði Búadóttur, Guðmundu Andrésdóttur, Jóhann Eyfells, Kristján Davíðsson og Magnús Pálsson. Hins vegar eru sýnd verk eftir 22 listamenn sem eiga það sameiginlegt að vera yngri en þrítugir. Spurt er hvort aldur skipti máli í myndlist.